

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 29. janúar 2018, kl. 10:00 - 15:00

Nr. 28/148

Mætt

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JÞÓ) Smári McCarthy (SmC) kl. 11:00 Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ)
Aðrir fundargestir	Erla Hlynsdóttir, kl. 10:20 (vék af fundi kl. 10:50)

Fundargerð

1. Þingstörfin framundan

BLG mun beina fyrirspurn til forsætisráðherra. HM og ÞSÆ munu taka þátt í sérstökum umræðum um félagsleg undirboð og svik á vinnumarkaði. Rætt um þingmál á dagskrá og hver fylgir þeim eftir. Ákveðið að ERR bjóði heilbrigðisráðherra á þingflokksfund næsta miðvikudag.

2. Sveitarstjórnakosningar

ERR kynnir hugmyndir að myndböndum fyrir sveitarstjórnarkosningar og aðkomu þingflokks. Einnig fjallað um skipulag málefna fundu næstu vikunar og mánuði.

3. Bréf þingflokksformanns

Rætt um veip og reykingar á Alþingi. ÞSÆ mun ræða við forseta.

4. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir fundarstörfum í sínum nefndum.

Fundarhlé frá 11:30 til 12:15.

5. Frumvarp um um fjölda fulltrúa í sveitarstjórnnum

Umræða um framlagða beiðni um meðflutning á frumvarpi Jóns Gunnarssonar. BLG kynnti frumvarpið.

6. Bankaráð Seðlabanka Íslands

ERR mun skipuleggja fund með fulltrúa Pírata í bankaráði Seðlabanka Íslands.

7. Talsmaður barna

JÞÓ og BLG leggja til að JÞÓ verði talsmaður barna og BLG verði varamaður. Samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum.

8. Fyrirspurn til Stundarinnar

Farið yfir verkferla þar sem svör Pírata við fyrirspurn Stundarinnar bárust ekki í réttar hendur.

9. Tillaga að breytingu á þingflokksamþykkt um fundarsköp þingflokks

Rætt um tillögu JÞÓ um viðbót við 12. gr. þingflokksamþykktar um fundarsköp. Dagskrárlið var frestað þar til formleg tillaga verður mótuð og lögð fram.

10. Málefni einstakra hælisleitenda

Umræða um hvernig bregðast skuli við hryllingssögum úr heimi hælisleitenda. Rætt almennt um málaflokkinn og nýleg mál. HHG mun setja saman upplýsingapakka um málaflokkinn og hvernig Píratar hafa verið að beita sér í honum. ÞSÆ mun taka að sér að efla samstarf við þá aðila sem gæta hagsmuna hælisleitenda.

11. Áherslur og forgangsmál 148. þings

Áframhaldandi vinna við forgangsmál. Dagskrárliðurinn er bundinn trúnaði í samræmi við 4. gr. þingflokksamþykktar um upplýsingaskyldu við grasrót. Samþykkt að halda vinnufund um áherslumál Pírata á vetrar- og vorþingi föstudaginn 2. febrúar.

12. Framtíðarnefnd

Umræða um boðaða framtíðarnefnd og hlutverk Pírata þar. ÞSÆ mun biðja forsætisráðherra um tímasetningar varðandi stofnun nefndarinnar.

Fundarhlé til 14:00.

13. Stjórnarskrármál

Kynning frá HHG á stöðu mála. Umræða um tillögur forsætisráðherra og viðbrögð stjórnarandstöðunnar. Rætt um næstu skref. Borið upp til atkvæða hvort Píratar muni taka þátt í mótun tillagna um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Samþykkt samhljóða. Lagt til að HHG verði fulltrúi þingflokks við mótun tillagnanna. Samþykkt samhljóða.

14. Skipanir í nefndir, ráð og stjórnir

Samkvæmt D'Hondt-i með stjórnarandstöðuflokkum munu Píratar fá fulltrúa í Landskjörstjórn, yfirkjörstjórnnum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurborgardæmis suður og í bankaráði Seðlabanka Íslands.

Að loknum umræðum voru lagðar fram tillögur að fulltrúum og voru allar tilnefningar samþykktar samhljóða. Trúnaður hvílir yfir tillögum samkvæmt 4. gr. þingflokksamþykktar um upplýsingaskyldu við grasrót, enda kosið í embættin formlega á þingfundi. ÞSÆ mun ræða við fulltrúaefnin.

15. Starfsmannamál

Dagskrárliðurinn er bundinn trúnaði sbr. 5. gr. þingflokksamþykktar um upplýsingaskyldu við grasrót.

16. Önnur mál

- *Skoðanakannanir vegna sveitarstjórnakosninga*

ÞSÆ mun senda póst til framkvæmdaráðs varðandi skoðanakönnun á fylgi Pírata í einstaka sveitarfélögum.

- *Ljósmyndir af þingflokki*

Enn er beðið svars frá ljósmyndara varðandi myndir af nýjum þingflokki.

- *Þingmannanefnd um endurskoðun útlendingalaga*

Lagt til að ÞSÆ taki sæti í nefndinni. Samþykkt samhljóða.

- Þjóðaröryggisráð

Rætt um fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna í þjóðaröryggisráð

- #metoo

Hvatning til kvenkyns þingmanna að mæta svartklæddar á þingfund. HM og ÞSÆ munu ræða saman um þetta.

- Starfsmannamál

Dagskrárliðurinn er bundinn trúnaði samkvæmt 5. gr. þingflokksamþykktar um upplýsingaskyldu við grasrót.